

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Fljótsdalshéraði.

Deiliskipulag útivistarsvæðis í Selskógi.

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 12. júlí 2006 deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Selskógi. Deiliskipulagið skilgreinir hvaða aðstaða er eða verður byggð upp á svæðinu. Afmarkað er hvar aðkomuleiðir eru að Selskógi og bílastæði í jaðri hans. Skilgreind er lega, gerð og flokkun göngustíga, skíðagöngubrauta og áningarstaða, einnig byggingarreitir fyrir byggingar á svæðinu og hvaða mannvirki eigi að vikja. Skilgreind eru viðmið til leiðsagnar um umhirðu Selskógarins.

Deiliskipulag suðursvæðis á Egilsstöðum.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 17. maí 2006, deiliskipulag fyrir suðursvæði Egilsstaða. Svæðið er tæplega 21 ha að stærð og afmarkast af íbúðahverfi miðbæjarins til norðurs, iðnaðarsvæði til vesturs, ósnertri náttúru til suðurs og Hömrunum til austurs. Alls er gert ráð fyrir að byggðar verði 185 íbúðir á svæðinu, þar af 101 í einbýlishúsum, 60 í par- og raðhúsum og 24 í fjölbýlishúsum.

Ofangreint hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 9. ágúst 2006.

Ómar Þ. Björgólfsson,
skipulags og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs.

B-deild – Útgáfud.: 21. ágúst 2006